



SÍBS

Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga

Suðurgötu 10 • Pósthólf 515 • 121 Reykjavík • Sími 552 2150 • Fax 562 9150

Reykjavík, 21. mars 1997

A!hingi

Erindi nr. 5 121 / 1228

komudagur 26 13 1997

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Stjórn SÍBS þakkar veitt tækifæri til umsagnar um frumvarp til laga um réttindi sjúklinga og biður afsökunar á því að komið er fram yfir tilgreindan skilatíma, sem orsakast af strjálum stjórnarfundum undanfarið.

Stjórnin lýsir ánægju sinni með þær breytingar, þótt fáar séu, sem gerðar hafa veið frá fyrra frumvarpi um sama efni.

Stjórn SÍBS leyfir sér að benda á tvö atriði sem ekki eru nefnd í frumvarpinu en hún telur brýn, til þess m.a. að tryggja þau réttindi sem frumvarpið annars fjallar um.


Annars vegar er ákvæði sem tryggir hámarksbiðtíma eftir greiningu og meðferð. Sérstaklega er mikilvægt að slíkur biðtími sé tryggður varðandi meðferðarþáttinn. Nú er það vel kunnugt að meðferð er bæði misjafnlega fánleg og auðfengin og auk þess misjafnlega brýn. Þegar hér er talað um hámarksbiðtíma er fyrst og fremst átt við bið eftir meðferð við lífshættulegu sjúkdómsástandi, eins og t.d. skurðaðgerðum vegna vissra hjarta- og lungnasjúkdóma. Jafnframt er átt við meðferð vegna sjúkdómsástands, sem verulega dregur úr lífsgæðum viðkomandi sjúklings eða/og veldur viðvarandi þjáningum. Vera má að hægt sé að afmarka hámarksbiðtímatrygginguna með einhverjum hætti, t.d. með því að miða við hvers eðlis sjúkdómsvandamálið er og hversu brýn þörfin er talin.

Hins vegar er ákvæði sem tryggir sjúklingum málskotskerfi til viðbótar þeim leiðum sem þekkjast og tíðkast í dag, sem eru kvörtunarleið til yfirmanna viðkomandi stofnunar og til landlæknis. Í þessu sambandi skorar SÍBS á heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis að taka til alvarlegrar athugunar hvort ekki sé tímabært hér á landi - eins og þegar hefur verið gert víða í nágrannalöndunum - að stofna til embættis hlutlauss umboðsmanns sjúklinga og í því samhengi að kanna hvort fýsilegt sé og gerlegt að sami umboðsmaður sinni jafnt þörfum sjúklinga og þörfum fatlaðra í þessum efnum.

Ennfremur vill stjórn SÍBS gera athugasemd við áherslumerkingu orða í 20. gr. Þar segir á þá leið að sjúklingur **getur** leitað til þess heilsugæslu- eða heimilislæknis sem honum hentar best og að sjúklingur **getur** valið sérfræðing þegar slíkrar þjónustu er þörf. Stjórnin bendir á að notkun orðsins “**getur**” er ekki nógu afdráttarlaus í þessu samhengi og nauðsynlegt að þarna komi réttur sjúklingsins tvímælalaust fram, t.d. með orðalaginu “sjúklingur á rétt á/til” o.s.frv.

Með hliðsjón af því að í frumvarpinu er orðið “heilbrigðisstarfsmaður” mikið notað (í tíma og ótíma?!) vill stjórn SÍBS undirstrika að skv. læknaögum, sbr. 9.gr 2.mgr., ber læknir ábyrgð á greiningu og meðferð. Þá ábyrgð er ekki ætlast til að aðrir heilbrigðisstarfsmenn axli.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar SÍBS



Haukur Þórðarson
formaður.